

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. 4. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2011. Við gildistöku laga þessara flyst ákærvald og þar með sókn þeirra mála sem þegar sæta ákærumeðferð fyrir dómstólum af hálfu ríkislögreglustjóra frá embætti ríkislögreglustjóra til embættis sérstaks saksóknara.

Þrátt fyrir 1. mgr. öðlast ákvæði til bráðabirgða þegar gildi.

2. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Frá gildistöku þessa ákvæðis er embætti sérstaks saksóknara heimilt að undirbúa sameiningu embættis sérstaks saksóknara og efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, m.a. með því að bjóða embættismönnum og öðrum starfsmönnum efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra starf hjá embætti sérstaks saksóknara. Þó er ráðherra heimilt að flytja saksóknara frá embætti ríkislögreglustjóra á grundvelli 36. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, til embættis ríkissaksóknara. Þeim sem ekki þiggja starf hjá embætti sérstaks saksóknara skal boðið annað starf innan lögreglunnar. Skulu þeir þá njóta sömu kjara og þeir njóta hjá ríkislögreglustjóra. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki um störf sem er ráðið í samkvæmt þessari málsgrein.